EBHARDT

LILIE
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

ein
DREI
LILIEN
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

608.00

J.C.
KÖNIG

9. sept. 1972 var haldinn fundur í Kvenfél. „Von", að Tjörn. Á fundinn mættu 6 konur. Fundarstjóri var Margrét Guðmundsdóttir og fundaritari Ingibjörg P. Blöndal.
Las fundarstjóri upp bréf frá Kvenfélagasamb. Íslands.
Rætt var um að kaupa prottlæfni með heildsöluverði. Var að venum, gerður að því góður rómur, en ekkert endanlega ákveðið.
Þá var ákveðið að félagið setti handrið á kirkjutröppurnar og vantir það atsloð góðra manna við það verk.
Þá barst bal af spunavél félagsins og rætt af um framtíð hennar, að senda hana á byggðasafnið at Reykjaskóla.
Ingibjörg P. Blöndal greiddi ársgjald sitt á fundinum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.
SG.

12. apríl 1973 var haldinn aðalfundur í Kvenfélaginu „Von" at Tjörn II. Fundinn sóttu 6 konur. Formaður félagsins, Margrét Guðmundsd. setti fundinn og nefndi fundarritara Ragnheiði Eyjólfsd. Formaður hafði nýlega setið formannafund og kom þar fram hvort atti að kaupa svefingarbaki fyrir Sjúkrahúsið.
Fyrirspurn kom frá Kvennabandinu hvort félagið vildi fá konu til að sauma Íslenzka þjóðbúningin, þótti það ekki koma til greina.
Þá kom einnig fyrirspurn um, hvort

félagið vildi ganga í félag norðlenzkra kvenna, en fyrir því var enginn áhugi.
Ingibjörg í Tungu sendi kr. 1.000.00 að gjöf til félagsins, með heillaóskum því til handa í framtíðinni. Þá kom og fram, að Ragnheiður á Gnýsstöðum og Sigríður á Hólbjarnarstöðum gefa þar ferðir sem þær fóru, með félagskonur á fundi og gamla fólkið í skemmtiferð að Reykjaskóla.
Þakkar félagið heilluga allar þessar gjafir.
Þá var samþykkt að kaupa nýja fundargjörðabók, þar eð gamla bókin var útskrifuð.
Næst var gengið til kosninga.
Formaður var kosin Margrét Guðmundsdóttir, með öllum greiddum atkvæðum.
Meðstjórnendur voru endurkosnir, þær Jenný Jóhannesdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.
SG.

28. ágúst 1973 var fundur haldinn í kvenfélagi „Von", að Tjörn II. Formaður setti fundinn og nefndi fundarritara Erlu Eðvaldsdóttur.
I. Formaður las upp þakkarbréf frá kvenfélaginu „Heimaey", fyrir sölu á líkmyndum frá Vestmannaeyjagosinu, sem seldar voru til ágóða fyrir Vestmannaeyjasöfnunina.
II Því næst var lesin fundargjörð frá aðalfundi K.B. síðastliðið vor, þar sem gelið var um að safnað yrði fyrir sjúkbíl í sýslunni, ásamt fleiri verkefnum.
Fleira ekki rætt, fundi slitið
SG.

8. júní 1974, var haldinn aðalfundur í kvenfélagi „Von", að Tjörn I.
Formaður félagsins, Margrét Guðmundsdóttir, setti fundinn og nefndi fundarritara Sigríði Guðjónsd.
I. Samkvæmt bréfi frá K.B. vegna kaupa á sjúkbíl, sér félagið sér ekki fært að standa fyrir söfnun í það, þar sem starfandi slysavarnarfélag er á svæðinu og er það þegar búið að safna.
II. Lesin voru ýmis bréf, sem borist hafa til félagsins.
III. Lesin var fundargjörð síðasta aðalfundar K.B.
IV. Samþykkt var að hækka árgjald úr kr. 100.00 í kr. 500.00.
V. Kosningar: Fulltrúar á sambandsfund K.B. voru kosnar, Margrét Guðmundsd. og Sigríður Guðjónsd.
Stjórnarkosning, formaður kosin frú Vigdís Jack, meðstjórnendur endurkosnir, þær Jenný Jóhannesd. og Sigríður Guðjónsdóttir.
Varamaður í stjórn, Margrét Guðmundsdóttir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.
SG.

20. apríl 1975 var haldinn aðalfundur í kvenfélaginu „Von" að Tjörn I.
Formaður, frú Vigdís Jack setti fundinn og nefndi fundarritara Sigríði Guðjónsdóttur.
Ákveðið var, að gera eina konu að heiðursfélaga, Jónínu Gunnlaugsdóttur, Flugastöðum.
Lesnir voru upp reikningar félagsins og samþykktir
Sendað var þakkarbréf til aðstandenda Ingveldar Jóhannesdóttur, fyrir mótteknu peningagjöf:

kr. 10.000.00. Ákveðið var að heimsækja gamla fólkið á sjúkrahúsið fyrir nokkru mánaðamót.
Þá var kosið í stjórn, voru allar endurkosnar:
Vigdís Jack formaður, Jenný Johannesd. gjaldkeri,
Sigríður Guðjónsdóttir ritari og Margrét Guðmundsd. varam.
Á aðalfund kosnar: Margrét Guðmundsd og Ragnheiður Eyjólfsdóttir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið. SG.

Ár 1976, 1. maí, var fundur haldinn í kvenfélaginu Von, að Sjörn I.
Fundinn setti Vigdís Jack formaður og fundarritari var Margrét Guðmundsdóttir.

1. Samþykkt að gera Ingibjörgu Blöndal að heiðursfélaga í kvenfélaginu.
2. Samþykkt var að gefa veitingar við héraðsfund s.l. sumar.
3. Lesið upp bréf til félagsins frá Kvensögusafni Íslands. Ekki rætt frekar.
4. Reikningar lesnir og samþykktir.
5. Kosið í stjórn félagsins. Sama stjórn kosin áfram.
6. Kosnar fulltrúar á aðalfund K.Í. Margrét Guðmundsdóttir og Erla Eðvaldsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
S.G.

Ár 1977. Fimmtudaginn 28. apríl, var haldinn aðalfundur í kvenfélaginu Von, Vatnsnesi.
Formaður Vigdís Jack setti fundinn, fundarritari Sigríður Guðjónsdóttir. Mættar voru 5 konur.

1. Reikningar félagsins lesnir og samþykktir.
2. Ákveðið að hætta að styrkja félagssamtökin Verna og var þeim sent bréf því viðkomandi.
3. Ákveðið var að fara inneign félagsins á vaxtaaukareikning með ársuppsögn.
4. Nýr félagi tekinn í félagið: Kristín Guðjónsd. Ásbjarnarstöðum. Var henni vel fagnað.
5. Á aðalfund K.Í. voru kosnar, Vigdís Jack og Sigrún Sigurðardóttir.
6. Stjórn félagsins var endurkosin, varamaður í stjórn kosin Erla Eðvaldsdóttir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.
Sigríður Guðjónsd. ritari.

Ár 1978. Aðalfundur kvenfélagsins Von haldinn á Hvammstanga 14. apríl. Vigdís Jack, formaður félagsins setti fundinn og nefndi til fundarritara Erlu Eðvaldsdóttur.
Því næst sagði formaður frá fræðslu á formannafundi sem haldinn var fyrir jól, þar sem ákveðið var að halda upp á 60. ára afmæli K.Í. með því að kaupa litsjónvarpstæki og gefa til sjúkrahússins.
Rætt var fram og aftur um fyrirhugaðan aðalfund K.Í. sem halda á að þessu sinni á Sjörn.
Mikið var talað um að slíta félaginu, þar sem konurnar voru orðnar svo fáar, gamlar og aumingjaligar. Endirinn varð þó sá að halda lífinu í því enn um sinn.

Reikningar félagsins lagðir fram og samþykktir.
Að lokum var gengið til kosninga. Formaður og gjaldkeri endurkosnir, en þar sem ritari gat ekki kest á sér til endurkjörs var kosin ritari Kristín Gudjónsd. með öllum greiddum atkvæðum.
Eitt eða tvö atr. Fundi slitið. K.G.

Ár 1979, 5. maí, var haldinn aðalfundur í Kvenfélaginu Von, Vatnsnesi. Formaður, Vigdís Jack setti fundinn og nefndi fundarritara Kristínu Gudjóns.
Næst formaður fundarkonur velkomnar þó sérstaklega 3 nýjar félagskonur þar Petreu Hallmansd. Dóru Sigurðard. og Guðlaugu Sigurðard. og sagðist hún vonast til að þeim takist að blása nýju lífi í félagsskapinn.
Næst las form. fundargerð aðalfundar K.B. frá árinu 1978. Einnig las hún bréf frá Sýslusambandi Barða svo og bréf frá K.Í. sem varðaði Barnaárið '79.
Sagðar voru fréttir frá aðalfundi K.B. sem haldinn var að Þorgrímsstöðum.
Gengið var til kosninga og þar sem stjórnin gat kost á sér var hún endurkjörin.
Gjaldkeri las reikninga sem voru samþykktir.
Tillag félagsins var borgað og ákveðið var að gera tvær konur að heiðursfélugum, þær: Margrét Guðmundsd. frá Ásbj.st. og Ingibjörgu Guðmundsd. Tungu.
Eitt eða tvö atr. Fundi slitið. K.G.

Ár 1980. 19. mars var haldinn aðalfundur í Kvenfélaginu Von, Vatnsnesi. Formaður, Vigdís Jack setti fundinn, fundarritari Kristín Gudjónsd. Mætar voru 9 konur. – Lesin voru bréf frá K.Í., þar sem rætt var um rekstrarerfiðleika þess og bréf frá Akureyri viðkomandi byggingu Dressingarhúss. Talað var um hvort grundvöllur væri fyrir að fá konur til að koma umræðukonar námskeið. Ákveðið var að athuga, innan félagsins, með kaupgjald. Kosnir voru fulltrúar á kvennasambandsfund, þær Petrea Hallmansd. og Kristín Gudjóns.
Ákveðið var að breyta lögum félagsins svo að hver stjórnarkona sæti 2 ár í einu og gengi þá 1 og 1 úr stjórn á hvað svo endurnýja þyrfti ekki alla stjórnina í einu. Jenný Jóhannesdóttir sagði af sér gjaldkerastöðu eftir 42ja ára dyggilegt starf. Var henni vel þakkaður þessi langi starfsaldur. Petrea kosinn nýr gjaldkeri. Varamaður í stjórn var kosin Sigríður Gudjónsdóttir, ekki var talið vagt að ætla Margrétu Guðmundsd. lengur það starf. Félagsgjaldið var hækkað úr 500 kr. í 600 kr. Eitt var ekki talið fyrir, fundi slitið. K.G.

Miðvikudaginn 25. júní 1980 var haldinn fundur í Kvenfél. Von, að Gunnsstöðum. Mætar voru 5 konur og í fjarveru formans Vigdísar Jack, stjórnaði Sigríður Gudjónsd. fundi, las hún upp aðalfundargerð K.B. Heiðursfélagi Kvenfélagsins Margrét Guðmundsd. sendi félaginu peningagjöf að upphæð 50.000 kr. Kvenfélagið þakkar Margrétu þessa höðinglegu gjöf. Umræður snúast um ýmislegt í sambandi við skemmtun K.B. í m.k. mánuði. Einnig var rætt um hvað gera skyldi innan félagsins næsta vetur, komum til fróðra og skemmtunar. Ákveðið var að hafa handavinnukvöld á næstkomandi vetri. Eitt eða tvö atr. fundi slitið. K.G.

Aðalfundur í Kvenfélaginu Von á Vatnsnesi var haldinn að Sjörn, 6. apríl 1981. Formaður setti fundinn og nefndi fundarritara Kristínu Guðjónsd.
Las formaður síðan ýmis bréf sem borist höfðu, þar á meðal skrá frá H.Í.B. um gjafir þess til Sjúkrahússins.
Sampykkt var að hakka félagsgjaldið um helming; úr 10 nýkr. í 20 nýkr.
Reikningar endurskoðaðir og sampykktir.
Ákveðið var að fara í heimsókn á Sjúkrahúsið í þessum mánuði.
Á sambandsfund voru kosnar Petrea, Ósbrjótstöðum og Sigrún, Ásbjarnarstöðum.
Spjallað var aftur og fram um að stofna svo kallaðan „Öndursjóð" svo að konur sem áhuga hefðu á að koma saman til handavinnu, gætu lagt pening í, til kaupa á efni og þeta bókum. Ákveðið var að hver kona legði fram 100 nýkr. í byrjun og batt yrði við sjóðinn síðar þegar fram kæmi hvað gert yrði.
Hugsað var til að halda jólaskemmtun fyrir litlu krakkana á komandi vetri.
Stjórn félagsins situr óbreytt.

Meira var ekki kkið fyrir, fundi slitið.
Kristín Guðjónsd.

Laugardaginn 24. apríl 1982, var haldinn aðalfundur í kvenfélaginu Von, að Borgrímsstöðum. Mætar 6 konur.
Formaður félagsins frú Vigdís Jack setti fundinn og nefndi fundarritara Sigríði Guðjóns.
Lesið var bréf frá Erlu Edvaldsdóttur þar sem hún segir sig úr kvenfélaginu Von. Þakkar hún góða, liðna daga og óskar félaginu alls góðs.
Þá var lesið bréf frá Gigtarfélagi Íslands, sem fer fram á fjárhagsaðstoð vegna kaupa á húsnæði fyrir Gigtlækningastöð. Sér félagið sér ekki fært að verða við því, þar sem fjárhagur þess er ömát.
Kjötiðnaðarsafn Íslands sendi bréf þess efnis að kvenfél. veiti ábendingar um fólk heima í byggðarlagi eða burtflutt, sem gæti gefið upplýsingar um daglega lífnaðarhætti í eskri sinni. Var því vel tekið og ýmsir nefndir til þess.
Lesnir voru upp reikningar félagsins og sampykktir.
Þá sagði Petrea L. Hallmannsd. sig úr félaginu, þar sem hún er að flytja burt úr byggðarlaginu.
Þakkar félagið þeim báðum, Erlu og Petreu fyrir vel unnin störf í þess þágu.
Kosnar fulltrúar á aðalfund K.Í.B. Guðlaug Sigurðard. og Sigríður Guðjónsd.
Kosinn gjaldkeri, í stað Petreu, Sigríður Guðjónsd.
Fundi slitið. K.G.

Þriðjudaginn 26. apríl 1983 var haldinn aðalfundur í kvenfélaginu Von, að Bergsstöðum.
Formaður frú Vigdís Jack setti fundinn og tilnefndi fundarritara Kristínu Guðjónsdóttur.
Þá las formaður upp fundargjörð frá síðasta aðalfundi K.Í.B. einnig las hún kynningarbréf frá Heimilisiðnaðarskólanum svo og bréf frá Flugbjörgunarsveit V-Hún sem í var beiðni um fjárhagsaðstoð. En sem fyrr er kvenfélagið svo fámennt og fátæka að það sér þess enga leið að veita þvílíka aðstoð.
Að síðustu las form. bréf frá biskup Íslands. Umræða varð um setningu handriðs á kirkjutröppurnar á Sjörn og hvort ekki væri möguleiki á að koma því verki í framkvæmd. Fundarleg niðurstaða í málinu varð ekki því margt þarf að athuga áður en í það er ráðist.
Reikningar voru lesnir og samþykktir, einnig ákveðið að leggja peningaafgang úr Fundarsjóði á spariskírteinabók félagsins.
Spjallað var um að kaupa allskonar nauðsynjavöru úr Hildsölu og var formanni falið að athuga það mál.
Að lokum var samþykkt að hækka árgjald félagsins í 50-kr. pr. konu og einnig var ákveðið að bæta félagsandann með því að halda fleiri fundi og að konurnar skiptust á að bæta þá, hver hjá sér. – Sjörnin óbreytt.
Heira ekki rætt, fundi slitið.

Kristín Guðjónsdóttir, ritari.

Laugardaginn 28. apríl 1984 var haldinn aðalfundur í kvenfélaginu Von.
Formaður Vigdís Jack setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar.
Sigríður Guðjónsdóttir bar fram tillögu um að kvenfél. Von segði sig úr Kvennabandinu. Var rætt um að þar sem svo fáar konur eru starfandi í kvenfélaginu væru ekki möguleikar á að taka virkan þátt í störfum Kvennab. sins. Fundarkonur voru allar sampykkar þessari tillögu.
Þessu næst var samið bréf til K.Í.B. með úrsögn, þökkum fyrir samstarf liðinna ára og framtíðar óskum.
Stjórn félagsins situr óbreytt:
form. Vigdís Jack
gjaldkeri Sigríður Guðjónsdóttir
ritari Kristín R. Guðjónsdóttir

Heira ekki rætt.
Kristín R. Guðjónsdóttir

LILIEN
Buch

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

IG
nd
ARDT

ein
DREI
LILIEN
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

ein
DREI
LILIEN
Buch

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

J.C.
KÖNIG
und
EBHARDT

ein
DREI